

## Starfsreglur

### Endurskoðunarnefndar Eftirlaunasjóðs FÍA

#### Starfsemi endurskoðunarnefndar

Endurskoðunarnefnd skal starfa sem undirnefnd stjórnar Eftirlaunasjóðs FÍA og sinna sínu lögbundna hlutverki samkvæmt 108. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Þar er kveðið á um að einingar tengdar almannahagsmunum skulu starfrækja endurskoðunarnefnd.

#### Nefndarmenn

Stjórn Eftirlaunasjóðs FÍA ber ábyrgð á skipun endurskoðunarnefndar og skal hún skipuð til árs í senn og eigi síðar en mánuði eftir ársfund sjóðsins. Hún skal samstanda af þremur einstaklingum hið minnsta og skal nefndin kjósa sér formann og ritara.

Nefndarmenn skulu vera óháðir endurskoðanda eða endurskoðendum lífeyrissjóðsins og meiri hluti nefndarmanna skal jafnframt vera óháður lífeyrissjóðnum. Framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins skal ekki eiga sæti í nefndinni. Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar og skal að minnsta kosti einn nefndarmanna hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði reikningsskila eða endurskoðunar.

Nýjir nefndarmenn skulu fá kynningu á sjóðnum og störfum nefndarinnar er þeir taka sæti í nefndinni. Allir nefndarmenn skulu fá eintak af starfsreglum þessum ásamt kynningu á sjóðnum er þeir taka sæti í nefndinni í fyrsta sinn. Þeim skal jafnframt gerð aðgengileg gögn sem teljast nauðsynleg nefndarmönnum í starfi sínu, í skriflegri eða rafrænni útgáfu.

#### Tilgangur og hlutverk

Endurskoðunarnefnd skal leitast við að tryggja gæði ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga lífeyrissjóðsins. Hlutverk nefndarinnar eru m.a. án tillits til ábyrgðar stjórnar, stjórnenda eða annarra á þessu sviði:

- Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.
- Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits lífeyrissjóðsins og áhættustýringu hans.
- Eftirlit með endurskoðun ársreiknings.
- Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis.
- Setja fram tillögu stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis.
- Fylgja eftir úrbótum á annmörkum sem koma fram hjá innri og ytri endurskoðendum.
- Yfirfara og endurmeta árlega hvort starfsreglur nefndarinnar séu fullnægjandi.
- Skila greinargerð til stjórnar Eftirlaunasjóðs FÍA um störf nefndarinnar. Skýrslan skal berast stjórn sjóðsins fyrir síðasta stjórnarfund fyrir ársfund.

#### Fundir

Nefndin skal að lágmarki halda tvo fundi á ári. Formaður nefndarinnar sér um að boða fundi í samráði við aðra nefndarmenn. Ritari nefndarinnar sér um að fundir séu færðir til bókar og fundargerð skal borin upp til samþykktar á næsta fundi. Fundargerðir skulu undirritaðar af þeim stjórnarmönnum sem sátu viðkomandi fundi. Nefndin ákveður hvort stjórnendur lífeyrissjóðsins, innri endurskoðendur eða ytri endurskoðendur séu viðstaddir fundi nefndarinnar.



### Heimildir

Endurskoðunarnefnd hefur heimild til að afla faglegrar og óháðrar ráðgjafar sem hún telur nauðsynlegar til að sinna sínu hlutverki í samráði við stjórn. Nefndin getur einnig leitað til einstakra starfsmanna lífeyrissjóðsins og fengið þær upplýsingar sem hún óskar eftir. Hún hefur ótakmarkaðan aðgang að upplýsingum sem hún telur nauðsynlegar til að sinna hlutverki sínu.

### Hæfi

Nefndarmönnum er óheimilt að fjalla um mál þar sem eru vanhæfir vegna tengsla við mál eða aðila. Um sérstakt hæfi nefndarmanna skal fara að stjórnslutlögum nr 37/1993, II kafla. Nefndarmaður skal almennt sjálfur meta hæfi sitt og upplýsa aðra nefndarmenn um það. Ef vafi leikur á hæfi skulu aðrir nefndarmenn taka endanlega afstöðu til hæfis.

### Önnur mál

Árlega skulu endurskoðendur gera grein fyrir störfum sínum og óhæði til nefndarinnar ásamt því að gera endurskoðunaráætlanir um tímasetningu endurskoðunar sem skila skal til nefndarinnar. Ef einhver mikilvæg atriði koma fram við endurskoðunina skal skýra nefndinni frá því eins fljótt og auðið er.

Nefndin skal skila skýrslu til stjórnar fyrir 30. apríl ár hvert.

Nefndarmenn eru bundnir trúnaði um málefni lífeyrissjóðsins og önnur þau atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu sem nefndarmenn.

Framkvæmdastjóri skal vera nefndinni til aðstoðar eftir því sem hún óskar eftir.

Samþykkt á fundi endurskoðunarnefndar EFÍA þann 24. janúar 2018

  
Magnús Brimar Jóhannsson

  
Þorvaldur Þorsteinsson

  
Ólafur W. Finnsson